



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2017

Minjasafn Austurlands
Ársskýrsla 2017

© Minjasafn Austurlands

Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd: frá sýningunni Verbúðalíf

Útgefandi: Minjasafn Austurlands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

ISSN 1670-8059

Egilsstaðir, 2018

Efnisyfirlit

Formáli	4
1. Inngangur	5
2. Starfsmannamál	5
3. Störf stjórnar.....	5
4. Opnunartími	6
5. Rekstur og fjármál	6
6. Styrkir.....	7
7. Safnkostur: Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán	7
7.1 Afhendingar og skráningar	7
7.2 Útlán	7
7.3 Varðveislurými: Flutningar og endurskipulagning.....	8
7.4 Kjarval: Afhending, forvarsla, Kjarvalshvammur	9
7.5 Munirnir úr gamla Búnaðarbankanum	9
9. Gestafjöldi og heimsóknir	10
10. Húsnæðismál	10
10.1 Viðbygging við Safnahús	10
10.2 Endurbætur á munageymslu	11
10.3 Eldvarnarbandalagið.....	11
11. Sýningar og viðburðir.....	12
11.1 Grunnssýning	12
11.2 Minningar um torfhús.....	12
11.3 Íslendingar í hinni kanadísku mósaíkmynd	13
11.4 Þorpið á Ásnum	13
11.5 Verbúðalíf.....	14
11.6 Bókavaka	15
11.7 Jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins	15
12. Heimasíða.....	16
13. Safnfræðsla.....	16
13.1 Skólaheimsóknir	16
13.2 Námsefni Minjasafnsins	18
14. Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf.....	18
14.1 Fundir og námskeið	18
14.2 Aðild að félögum	19
14.3 Ljósmyndasafn Austurlands	19
14.4 Ljóð á vegg	20
14.5 Hauksbókarsjóður.....	20
14.6 Lausir endar	20
16. Markaðssetning og fjölmiðlumfjallanir.....	21
17. Lokaorð	21

Formáli

Á árinu gaf Þjóðminjasafnið út Safnastefnu á sviði menningarminja. Þetta er í þriðja sinn sem Þjóðminjasafnið stendur fyrir mótnun slíkrar stefnu í samræmi við lög um Þjóðminjasafn Íslands. Stefnan gildir til fjögurra ára og er hugsuð sem leiðarvísir í faglegu starfi safna á landsvísu. Markmið hennar er að hvetja til langtímahugsunar í safnastarfi og framsækinnar stefnumótunar. Safnastefnan er mikilvægt hjálpartæki fyrir menningarminjasöfn í landinu en vinnan við stefnumótunina fór fram í nánú samstarfi við starfsfólk og eigendur viðurkenndra safna um allt land. Í stefnunni eru listuð sex markmið sem söfnum á sviði menningarminja er ætlað að stefna að í starfi sínu á næstu árum. Þá eru einnig útlistaðar leiðir að markmiðunum og tekin dæmi um velheppnuð verkefni sem aðrir geta lært af. Það er gaman frá því að segja að Minjasafn Austurlands á eitt verkefni þar á meðal, en það er samstarfsverkefnið Festum þráðinn frá árinu 2016.

Eitt af markmiðunum sem sett eru fram í Safnastefnunni er „að vinna faglega og á vandaðan hátt með safnkostinn“ enda er safnkosturinn mikilvægasti hluti safnastarfsins. Án safnkosts væru engin söfn og um safnkostinn hverfist öll starfsemi safna á einn eða annan hátt. En safnkosturinn tekur pláss og pláss er ein dýrmætasta auðlind safna í dag. Fyrri kynslóðir safnamanna unnu mikilvægt starf sem snérist um að bjarga menningarverðmætum og minningum um horfnar kynslóðir frá glötnu. Sú kynslóð sem nú starfar á söfnum glímir við ákveðinn fortíðarvanda sem er tilkominn vegna þess hve fyrri kynslóðir voru duglegar að safna og felst í að varðveislurými eru flest orðin full. Í mörgum tilfellum geyma söfn mörg eintök af samskonar hlutum eða hluti sem ekki er ástæða til að geyma af einhverjum orsökum. Mörg söfn eru því farin að huga að því sem kallað er grisjun. Grisjun safnkosts felur ekki í sér að hlutum sé hent á haugana umhugsunarlaust. Grisjun snýst um að fjarlægja ákveðinn hlut úr safnkosti safnsins að vandlega athuguðu máli. Samkvæmt safnalögum er óheimilt að farga safngripum nema rík ástæða sé til en heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir. Grisjunarferlið hefur ekki verið fullmótað en nokkur söfn hafa þegar sett sér grisjunaráætlun. Stefnt er að því að grisjunaráætlun Minjasafnsins verði tilbúin á næsta ári og í framhaldi af því verði hægt að hefja ábyrga grisjun úr safnkosti með það að markmiði að bæta varðveisluskilyrði og vinnuumhverfi á safninu.

Nú er hafin vinna við gerð nýrrar starfsstefnu Minjasafnsins en núgildandi starfsstefna fellur úr gildi í lok árs 2017. Við vinnuna verður horft til þeirra markmiða sem sett eru fram í fyrirnefndri Safnastefnu og einnig Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs sem kom út árið 2016. Báðar þessar stefnur leggja ákveðnar línur og ábyrgð á herðar safnsins og í starfsstefnunni verða þessi atriði dregin saman og leiðir að markmiðunum skilgreindar.

1. Inngangur

Starfsemi Minjasafns Austurlands var fjölbreytt á árinu 2017. Viðburða- og sýningarhald var blómlegt, sett var upp ein stór samstarfssýning í samstarfi við Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs í tilefni af því að 70 ár voru liðin frá því að Egilsstaðahreppur var formlega stofnaður, tvær farandsýningar voru settar upp auk nokkurra minni sýninga með gripum úr safnkosti safnsins. Gestafjöldi hélst nokkuð svipaður milli ára en fjöldi nemenda sem sóttu fræðslu hjá safninu jókst til muna frá árinu áður. Vinna við námsefni Minjasafnsins fór í fullan gang og var fyrstu hlutum þess vel tekið. Ráðist var í langþráðar og nauðsynlegar endurbætur á munageymslu Minjasafnsins í Safnahúsinu sem bætti vinnuáðstöðu og öryggi starfsmanna og gripa til muna. Þá bættist hálft stöðugildi við starfsmannafjölda safnsins sem var til mikilla bóta fyrir alla starfsemina. Hér á eftir verður stiklað á stóru og farið yfir helstu þætti í starfsemi Minjasafnsins á árinu 2017.

2. Starfsmannamál

Stærstan hluta ársins voru tvö stöðugildi við safnið sem skiptust í 100% stöðu safnstjóra og tvær 50% stöður safnvarða. Elsa Guðný Björgvinsdóttir gegndi stöðu safnstjóra og Edda Björnsdóttir og Beata Brodowska gegndu stöðum safnvarða. Frá og með 1. desember var starfshlutfall Beötu aukið í 100%. Sumarstarfsmaður safnsins var Guðrún Ágústadóttir auk þess sem Auður Jónsdóttir sinnti afleysingum eftir þörfum. Beata, sem hafði sinnt ræstingum í Safnahúsinu, sagði því starfi lausu frá og með marsmánuði. Erna Erlendsdóttir var ráðin í staðinn og hefur hún sinnt ræstingum í Safnahúsinu í verktöku frá 1. mars 2017.

3. Störf stjórnar

Stjórn Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Hana skipuðu þær Maríanna Jóhannsdóttir (formaður), Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar (ritari) og Gunnhildur Ingvarsdóttir fyrir Fljótsdalshérað; Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótsdalshrepp og Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjarðarhrepp. Varamenn voru þeir Skarphéðinn Þórisson og Páll Sigvaldason fyrir Fljótsdalshérað; Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp og Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjarðarhrepp. Stjórnin kom fjórum sinnum saman á árinu og eru fundargerðir stjórnarfunda aðgengilegar á heimasíðu Minjasafnsins.

4. Opnunartími

Frá 1. janúar til 31. maí var vetraropnunartími safnsins í gildi en þá var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Tekið var á móti hópum, t.d. skólahópum, utan þess tíma ef óskað var eftir því. Sumaropnunartími tók gildi 1. júní en þá var safnið opið virka daga frá klukkan 11:30 til 19:00 og frá klukkan 11:00 til 18:00 um helgar. Vetraropnunartími tók síðan aftur við 1. september. Aðgangseyrir að safninu var 1000 krónur fyrir 18 ára og eldri.

5. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2017 voru rúmar 24,4 millj en áætlun gerði ráð fyrir 25,8 millj. Inni í áætlunum rekstrartekjum voru framlög hinna safnanna tveggja í Safnahúsinu til Minjasafnsins vegna ræstingar (1,5 milljón) en fyrirkomulagi ræstingar var breytt á árinu þannig að Minjasafnið sér ekki lengur um að greiða laun ræstitækis og rukka hin söfnin fyrir þeirra hlut, heldur er ræstingum sinnt af verktaka sem sér um að rukka hvert safn fyrir þeirra hlut. Framlög aðildasveitarfélaga til rekstur safnsins voru 21,3 millj., safnið fékk eina milljón í rekstrarstyrk úr Safnasjóði auk þess sem safnið fékk greidda tvo verkefnastyrki úr sjóðnum sem námu annars vegar 600 þúsund krónum og hins vegar 900 þúsund. (sjá kafla 6) Aðgangseyrir nam rúmri milljón og önnur sala var 45.000.

Rekstrargjöld ársins 2017 námu samkvæmt ársreikningi 38,1 millj. Þar af voru laun og launatengd gjöld 17,6 millj. en áætlun gerði ráð fyrir 18 milljónum. Handbært fé var í árslok 5,1 milljón króna.

Niðurstaða rekstrarreiknings Minjasafnsins fyrir árið 2016 er rekstrartap upp á 13,7 milljónir króna. Skýrist niðurstaðan annars vegar af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 (11,9 millj.) en umsamið kaupverð á fasteigninni Laufskógar 1 (sem Fljótsdalshérað keypti árið 2014) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnaðinu. Hins vegar skýrist hluti tapsins af breytingum á A-deild Brúar lífeyrissjóðs. Forsaga málsins er sú að haustið 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna. Hvað Minjasafn Austurlands snerti nam gjaldfærsla vegna uppgjörinsins 2,0 millj. kr. á árinu 2017 og nam skammtímaskuld við sjóðinn 2,0 millj. kr. í árslok 2017. Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri safnsins. Nánari upplýsingar um fjármál

safnsins árið 2017 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á heimasíðu safnsins.

6. Styrkir

Minjasafnið fékk tvo styrki úr Safnasjóði á árinu, annars vegar 1.000.000 kr. rekstrarstyrk og hins vegar 600.000 kr. verkefnastyrk til að láta forverja textíla úr eigu Jóhannesar Kjarval listmálara (sjá nánar kafla 7.3). Árið 2016 fékk safnið úthlutað 900.000 króna verkefnastyrk úr Safnasjóði til námsefnisgerðar en því verkefni var frestað til ársins 2017 og var styrkurinn greiddur út það ár. Þá hlaut sýningin Þorpið á Ásnum styrk 870 þúsund króna styrk frá Fljótsdalshéraði en Minjasafnið var einn af þremur samstarfsaðilum sem stóðu að þeirri sýningu.

7. Safnkostur: Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán

Margvíslegir áfangar náðust í málum sem snéru að safnkosti safnsins á árinu. Gripir voru fluttir í nýtt varðveislurými safnsins og endurskipulagning munageymslunnar í Safnahúsinu hófst. Safninu bárust fjölmargar afhendingar, stórar sem smáar og áfram var haldið við að skrá í Sarp og bæta eldri skráningar.

7.1 Afhendingar og skráningar

Á árinu 2017 bárust safninu um 270 gripir. Meðal þeirra má nefna safn gripa sem voru í eigu Stefáns Jónssonar frá Freyshólum, gripir sem tilheyrðu gamla Búnaðarbankanum á Egilsstöðum (sjá nánar í kafla 7.4) og viðbót við safn gripa Jóhannesar Kjarval listmálara sjá kafla 7.3) Meðfram móttöku og skráningu nýrra gripa unnu safnverðir safnsins áfram ötullega að því að ljósmynda safnkostinn, bæta myndum við eldri skráningar í Sarpi og bæta við þær upplýsingum. Verkefni þetta hófst fyrir nokkrum árum og felst í að bæta og samræma eldri skráningar og gera þær aðgengilegar á ytri vef Sarps.

7.2 Útlán

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal voru áfram til sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir Húsasafni Þjóðminjasafnsins. Þá voru munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðaselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik.

Gripirnir í Fjarðaselsvirkjun voru allir skráðir og ljósmyndaðir á árinu.

7.3 Varðveislurými: Flutningar og endurskipulagning

Árið 2015 gerðu Minjasafnið og Fljótsdalshérað með sér samkomulag um að safnið fengi til leigu rými að Tjarnarási 9 á Egilsstöðum til að mæta brýnni þörf safnsins fyrir aukið varðveislupláss. Haustið 2016 var unnið að endurbótum á rýminu en skipta þurfti um þak og þetta útihurð. Rýmið var tilbúið undir lok árs og í upphafi ársins 2017 hófst undirbúningur fyrir flutninga. Flutningar fóru fram einn góðviðrisdag í apríl og var Björgunarsveitin Jökull fengin til að annast þá. Sveitin mætti á svæðið með bíl og skotbómulyftara og flutti gripina í nýja varðveislurýmið undir dyggri stjórn safnvarða sem sáu til þess að allir munir færu á rétta staði og upplýsingar um þá væru á vísun stað. Haustið var síðan nýtt til að skipuleggja rýmið og kaupa innréttingar sem settar verða upp í upphafi ársins 2018. Við flutningana myndaðist svigrúm til að endurskipulagningar í þéttsetnu varðveislurými safnsins í Safnahúsinu. Endurskipulagning hófst strax í kjölfar flutninganna og hefur Beata Brodowska safnvörður haft veg og vanda af henni.



Björgunarsveitin Jökull var fengin til að flytja muni úr munageymslu Minjasafnsins í Safnahúsinu í nýtt varðveislurými að Tjarnarási 9. Myndir: EGB.

7.4 Kjarval: Afhending, forvarsla, Kjarvalshvammur

Árið 2016 fékk safnið til varðveislu um 30 gripi úr eigu Jóhannesar Kjarval sem áður höfðu verið til sýnis í Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystri. Afhendingin innihélt m.a. margvíslegan textíl, s.s. fatnað og hatta. Styrkur fékkst úr Safnasjóði til að láta forverja þessa gripi og var Þórdís Baldursdóttir, textílforvörður, ráðin til verksins sem var unnið sumarið 2017. Haustið 2017 barst safninu svo önnur afhending með gripum Kjarvals frá afkomendum hans. Afhendingin taldi tæplega 50 gripi og innihélt m.a. listmuni eftir afkomendur listamannsins, pensla, fatnað og fleiri persónulega muni. Þessar tvær afhendingar bættust við safn gripa listamannsins sem safnið hefur varðveitt um árabil. Á árinu var lokið við að skrá og ljósmynda allt safn gripa Kjarvals og eru upplýsingar um flesta gripina aðgengilegar á vefsíðu Sarps, www.sarpur.is.



Björn Björgvinsson, húsasmíðameistari, var fenginn til að meta ástand sumarhúss Kjarvals í Kjarvalshvammi. Mynd: EGB.

Minjasafnið er umsjónaraðili sumarhúss Kjarvals í Kjarvalshvammi. Á árinu hófst undirbúningur að viðhaldi og endurbótum á húsinu. Björn Björgvinsson, húsasmíðameistari, var fenginn til að meta ástand hússins og gera tillögur um viðhald og endurbætur. Vonir standa til að fjármagn fáið til að ráðast í verkefnið á árinu 2018.

7.5 Munirnir úr gamla Búnaðarbankanum

Á árinu var útibú Arion banka á Egilsstöðum flutt frá Fagradalsbraut í nýtt húsnæði að Miðvangi og þar með lauk tæplega 50 ára bankastarfsemi í húsinu. Áður en útibúið var flutt var sett upp lítil sýning með gripum frá starfseminni í húsinu frá upphafi. Sigurjón Jónasson, fyrrverandi bankastjóri, hafði veg og vanda að sýningunni og að henni lokinni afhenti hana Minjasafninu gripina. Gripirnir bíða skráningar.

9. Gestafjöldi og heimsóknir

Á árinu 2017 heimsóttu 2500 manns Minjasafnið þegar allt er talið. Almennir gestir voru tæplega 1450, þar af voru erlendir gestir rúmlega 1.010 og innlendir tæplega 440. Um 160 manns sóttu safnið heim þegar boðið var upp á „opið hús“, þ.e. á 17. júní, Jólasamkomu Þjónustusamfélagsins og Dögum myrkurs. Flestir erlendu gestirnir voru frá Bandaríkjunum, þar á eftir komu Þjóðverjar og svo Frakkar. Í júní, júlí og ágúst, þegar sumaropnunartími safnsins var í gildi, voru gestirnir tæplega 1.000. Tæplega 700 nemendur heimsóttu safnið í skipulögðum skólaheimsóknum og þeim fylgdu rúmlega 90 kennarar (sjá nánar um safnfræðslu í kafla 13).

10. Húsnæðismál

Endurbætur og viðhald á húsnæði Minjasafnsins í Safnahúsinu að Laufskógum 1 var unnið í góðu samstarfi við Fljótsdalshérað, eiganda hússins. Ráðist var í miklar og aðkallandi endurbætur á munageymslu Minjasafnsins og söfnin í Safnahúsinu gengu til liðs við Eldvarnarbandalagið sem er samstarfsverkefni um eldvarnir. Áfram var unnið að því að koma viðbyggingu við Safnahússins á rekspöl.

10.1 Viðbygging við Safnahús

16. október 2016 skrifuðu Illugi Gunnarsson þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs undir viljayfirlýsingu þess efnis að ný burst yrði reist við Safnahúsið á næstu árum. Málið á rætur að rekja til ársins 1999 en þá ákvað þáverandi ríkisstjórn að leggja fé í byggingu menningarhúsa á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Samkvæmt yfirlýsingunni var annars vegar gert ráð fyrir uppbyggingu í Sláturhúsinu og hins vegar að ný burst yrði reist við Safnahúsið en upprunalegar teikningar hússins gerðu ráð fyrir þremur burstum.

Samkvæmt yfirlýsingunni átti tillaga um fjárheimildir vegna verkefnisins að vera lögð fram sem hluti af fjárlagafrumvarpi ársins 2018. Sú varð hins vegar ekki raunin og fjárheimildirnar voru ekki hluti af fimm ára fjármálaáætlun sem þáverandi ríkisstjórn lagði fram í maí 2017. Þrátt fyrir það hafa hugmyndir um viðbyggingu við Safnahúsið ekki verið slegnar út af borðinu og áfram er unnið að framgangi málsins.

10.2 Endurbætur á munageymslu

Sumarið 2017 var ráðist í langþráðar og gagngerar endurbætur á munageymslu Minjasafnsins. Skipt var um einangrun og klæðningu auk þess sem gluggar voru fjarlægðir en þeir voru ónýtir. Þá var sett upp loftræstikerfi í vinnurými safnvarða. Verktakinn Ævarandi sá um verkið.



Frá framkvæmdum við munageymslu Minjasafnsins við Safnahúsið. Skipt var um klæðningu og einangrun og gluggar fjarlægðir. Myndir: EGB:

10.3 Eldvarnarbandalagið

Brunavarnir á Austurlandi og sveitarfélögin sem að þeim standa gerðu á haustdögum samkomulag við Eldvarnarbandalagið svokallaða um að efla eldvarnir á heimilum starfsmanna og í stofnunum sveitarfélaganna. Samstarfið felur í sér að sveitarfélögin innleiða eigið eldvarnareftirlit í stofnunum sínum samkvæmt leiðbeiningum, gátlistum og öðrum gögnum sem Eldvarnarbandalagið hefur gefið út. Jafnframt innleiða sveitarfélögin verklagsreglur Eldvarnarbandalagsins um varúðarráðstafanir vegna logavinnu. Söfnin í Safnahúsinu taka þátt í verkefninu undir merkjum hússins. Allir starfsmenn í húsinu fengu fræðslu frá Brunavörnum Austurlands um brunavarnir á heimilum og allir forstöðumenn safnanna sóttu námskeið fyrir eldvarnarfulltrúa. Hver stofnun/bygging skal skipa eldvarnarfulltrúa sem á að hafa yfirumsjón með mánaðarlegu eldvarnareftirliti. Forstöðumenn safnanna í safnhúsinu hafa gert með sér samkomulag um að skipta ábyrgðinni á milli sín á þann hátt að hver forstöðumaður gegni hlutverki eldvarnarfulltrúa í eitt ár í senn. Verkefnið fer formlega af stað 1. janúar 2018 og verður Bára Stefánsdóttir, héraðsskjalavörður, eldvarnarfulltrúi hússins fyrsta árið.

11. Sýningar og viðburðir

Sýninga- og viðburðahald Minjasafnsins var fjölbreytt á árinu. Grunnsýningin var óbreytt en boðið var upp á nokkrar smærri sýningar þar sem gripir úr safnkosti safnsins voru dregnir fram í dagsljósið. Meðal annarra viðburða má nefna farandsýningar, fyrirlestur, kynningar, opin hús og fleira.

11.1 Grunnsýning

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin er tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna Sjálfbær eining og hins vegar sýninguna Hreindýrin á Austurlandi. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

11.2 Minningar um torfhús

Sýningin Minningar um torfhús var sett upp á neðstu hæð Safnahússins í janúar 2017. Á sýningunni voru 25 ljósmyndir sem franski fornleifafræðingurinn Sandra Coullenot tók af gömlum byggingum vítt og breitt um Ísland. Ljósmyndirnar voru hluti af doktorsverkefni Söndru en í rannsóknnum sínum skoðaði hún m.a.

hvort og hvernig torfhús hafa haft áhrif á íslenska sagnahefð og notaði til þess bæði aðferðir þjóðfræði og fornleifafræði. Markmið

sýningarinnar var að vekja upp minningar og hugrenningar sem sýningargestir tengdu við torfhús. Sérstakur minningakassi var á sýningunni og voru gestir hvattir til að skrifa hugrenningar sínar á miða sem hægt var að stinga í kassann. Því fólki sem nýtir sér dagvistun eldri borgara í Hlymsdölum var sérstaklega boðið að koma og skoða sýninguna og bættu þau nokkrum sögum í minningakassann.



*Frá sýningunni Minningar um torfhús.
Mynd: EGB*

Sýningin var sett upp í samstarfi við hin söfnin í Safnahúsinu og Gunnarsstofnun en Sandra dvaldi í gestaíbúðinni á Skriðuklaustri í byrjun árs 2017. Hún var jafnframt framlag Minjasafnsins til Alþjóðlega safnadagsins 18. maí, en yfirskrift hans var að þessu sinni „Sögur sem ekki má segja“.

11.3 Íslendingar í hinni kanadíska mósaíkmynd



Stefán Jónasson flytur fyrirlestur í Safnahúsinu. Mynd: EGB.

Á sumardaginn fyrsta heimsótti Stefán Jónasson, fræðimaður, rithöfundur og ritstjóri Lögbergs-Heimskringlu Safnahúsið og hélt fyrirlestur sem bar yfirskriftina Íslendingar í hinni kanadíska mósaíkmynd. Fyrirlesturinn var í boði Þjóðræknisfélaga Íslendinga hér á landi og í Vesturheimi og var hluti af The International Visits Program. Það verkefni felst í því að félögin styrkja fræðimenn og fyrirlesara til að ferðast, annað hvort frá Íslandi eða til Íslands, til að fjalla um málefni Vestur-Íslendinga. Í fyrirlestri sínum fjallaði Stefán um flutninga Íslendinga til Kanada í kjölfar stofnunar kanadíska sambandsríkisins, hvernig þeim tókst að festa rætur og hvaða þátt þeir áttu í að byggja upp hið fjölbreytta kanadíska samfélag.

11.4 Þorpið á Ásnum.

Sumarsýning Minjasafnsins var samstarfsverkefni þess, Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Menningarmiðstöðvar Fljótshéraðs. Sýningin, sem var sett upp í Sláturhúsinu, bar heitið Þorpið á Ásnum og var sett upp í tilefni af því að 70 ár voru liðin frá því að Egilsstaðahreppur var formlega stofnaður og þéttbýli tók að myndast á Gálgaási. Á sýningunni voru til sýnis munir, ljósmyndir, skjöl, hljóð- og myndefni úr fórum safnanna tveggja sem allt tengdist sögu Egilsstaða á einn eða annan hátt. Sýningin var ekki hugsuð sem tæmandi saga Egilsstaða heldur var áhersla lögð á að fjalla um upphafið, um



Frá opnun sýningarinnar Þorpið á Ásnum í Sláturhúsinu. Mynd: EGB:

frumbyggjana og frumkvöðlana, sýna hvernig byggðin hefur þróast og taka dæmi um það fjölbreytta mannlíf sem hefur blómstrað á Ásnum alla tíð.

Í Safnahúsinu voru settar upp tvær litlar sýningar sem einnig tengdust Egilsstöðum og afmælisárinu. Í skápnum fyrir framan Bókasafn Héraðsbúa á þriðju hæð mátti skoða margvíslega muni sem tengdust starfi Skátafélagsins Ásbúa en á árinu voru 55 ár liðin frá því að það var stofnað. Þá voru dregin fram ýmis leikföng frá þeim tíma sem þorpið á Egilsstöðum var að byggjast upp og þau sýnd í sýningarskápum í sýningarsal Minjasafnsins.



Til vinstri: Sýningin um skátastarf á Héraði. Til hægri: Sýning með leikföngum frumbyggjabarna á Egilsstöðum. Myndir: EGB.

11.5 Verbúðalíf

Á Dögum myrkurs var farandsýningin Verbúðalíf, opnuð í sýningarsal Minjasafnsins en þar gafst gestum kostur á að skyggjast inn í herbergi á verbúð um og upp úr miðri síðustu öld. Á sýningunni var verbúðalífi þess tíma gerð skil, annars vegar með myndum og texta og hins vegar með hálf tíma langri kvikmynd og jafnlöngum útvarpsþætti. Benný Sif Ísleifsdóttir, Fríða Björk Ólafsdóttir og Vala Smáradóttir sáu um gerð sýningarinnar undir merkjum Spor – menningarmiðlunar.



Frá sýningunni Verbúðarlíf. Mynd: EGB

11.6 Bókavaka



*Gestir á Bókavöku í Safnahúsinu.
Mynd: EGB.*

Árleg bókavaka Safnahússins var haldin í lok nóvember. Á vökunni var austfirsk útgáfa í öndvegi og lesið upp úr bókum sem komu út á Austurlandi eða tengjast Austurlandi á annan hátt. Eins og undanfarin ár kenndi ýmissa að grasa í austfirskri útgáfu. Meðal annars var lesið upp úr bókum Jónasar Reynis Gunnarssonar, Millilendingu, Leiðarvísi um þorp og Stór olúskip sem koma út hjá Partus, sagt var frá bókum frá bókaútgáfunni Bókstaf á Egilsstöðum, lesið upp úr ljóðabókum sem Félag ljóðaunnenda á Austurlandi gaf út á árinu, fjallað um bókina Vallarstjörnur eftir Helga Hallgrímsson sem Glettingur gaf út og bókina Ertu vakandi herra Víkingur eftir Stefaníu G. Gísladóttur, svo fátt eitt sé nefnt. Vakan var vel sótt og gestir nutu upplestranna með kaffi og piparkökum.

11.7 Jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins

Minjasafnið tók þátt í árlegri jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins á Héraði sem fram fór 10. desember. Samkoman hófst í Tjarnargarðinum þar sem jólasveinar skemmtu gestum og boðið var upp á heitt kakó og kaffi. Eftir að dagskránni í Tjarnargarðinum lauk lá leið gestanna í Safnahúsið þar sem Minjasafnið og Bókasafnið höfðu opnað dyr sínar upp á gátt. Frítt var inn á sýningar Minjasafnsins og á Bókasafninu var lesið upp úr nýútkomnum barnabókum. Á neðstu hæðinni hafði ljósmyndari Myndsmiðjunnar sett upp ljósmyndastúdíó þar sem gestir og gangandi gátu látið mynda sig með jólasveini. Samkoman var afar vel sótt og jólabros á hverju andliti.



*Beðið myndatöku með jólasveininum.
Mynd: EGB.*

12. Heimasíða

Heimasíða Minjasafnsins var vel nýtt á árinu. Reynt var að birta fréttir úr starfinu og annað forvitnilegt efni reglulega. Að meðaltali voru settar inn rúmlega tvær fréttir á mánuði þar sem fjallað var um það sem efst var á baugi í starfinu hverju sinni. Þá var síðan einnig nýtt til að koma á framfæri ýmiskonar fróðleik og miðla efni sem varð til í tengslum við sýningar. Má þar nefna gagnvirkkt kort sem varð til í tengslum við sýninguna Þorpið á Ásnum (sjá kafla 11.4). Kortið sýnir fyrstu húsin sem risu í þéttbýlinu á Egilsstöðum og þar má nálgast upplýsingar um húsin og fyrstu íbúa þeirra. Þá var síðan einnig nýtt til að koma á framfæri nýju námsefni Minjasafnsins sem vinna hófst við á árinu (sjá kafla 13.2). Facebooksíða Minjasafnsins var síðan notuð til að koma fréttum á heimasíðunni og öðrum fróðleik enn frekar á framfæri. Stefnt er á að nýta heimasíðuna enn frekar í framtíðinni til að miðla fróðleik og upplýsingum um safnkostinn, m.a. með því að hefja reglulegan lið undir yfirskriftinni Gripur mánaðarins.

13. Safnfræðsla

Safnfræðsla Minjasafnsins var blómleg á árinu. Nemendum sem heimsóttu safnið fjölgaði á milli ára og fyrstu hlutar nýs námsefnis safnsins litu dagsins ljós.

13.1 Skólaheimsóknir

Tekið var á móti 700 nemendum á Minjasafninu á árinu sem er töluverð fjölgun frá árinu áður þegar 530 nemendur heimsóttu safnið.¹ Nemendur leikskóla voru 257, grunnskólanemendur voru 389 og framhaldsskólanemendur 51. Þessum nemendum fylgdu um 90 kennarar. Tilgangur heimsóknanna var margvíslegur, stundum komu nemendur gagngert til að skoða einstakar sýningar eða ákveðna gripi. Flestir nemendur heimsóttu safnið í desember en þá komu tæplega 230 nemendur í heimsókn. Þá var boðið upp á sérstaka jólafræðslu þar sem Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum voru lagðar til grundvallar. Farið var yfir vísurnar og fjallað sérstaklega um þá hluti og athafnir sem jólasveinarnir draga nöfn sín af. Út frá því spunnust síðan umræður um líf fólks og jólahald í gamla daga.

Safnið hélt áfram samstarfi sínu við leikskólann Tjarnarskóg sem felst í því allir nemendur sem verða fjöggra ára á viðkomandi skólaári koma í fjórar heimsóknir á safnið yfir veturinn. Í hverri heimsókn er tekið fyrir ákveðið þema: húsakynni fólks í gamla daga;

¹ Talan segir til um fjölda heimsókna á safnið. Í einhverjum tilfellum komu nemendur oftast en einu sinni í heimsókn og eru þeir þá taldir í hvert skipti.

klæðnaður, matur og leikir barna. Í heimsóknunum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þær umgengnisreglur sem gilda á söfnum og leyfa þeim að snerta og prófa sjálf eins og hægt er.

Nær allir nemendurnir sem heimsóttu safnið á árinu komu úr leikskólum og grunnskólum úr þéttbýlinu á Fljótsdalshéraði enda gefur það auga leið að þeir skóla eiga auðveldara með að heimsækja safnið en aðrir skólar á Austurlandi. Á þorra fór safnstjóri í eina heimsókn í leikskólann Hádegishöfða í Fellabæ og kom þannig til móts við nemendur og kennara þar sem ekki komast með góðu móti í heimsókn á safnið. Einnig var tækifærið nýtt þegar starfskonur safnsins áttu erindi á Seyðisfjörð og leikskólinn Sólvellir heimsóttur. Ákjósanlegt væri að geta gert meira af slíku en á meðan ekki er starfandi safnkennari við safnið er ekki hægt að verða við óskum um fræðslu utan safnsins nema í undantekningartilfellum.



Svipmyndir úr safnfræðslu á árinu 2017. Nemendahópar frá Fellaskóla, leikskólanum Tjarnarskógi og Egilsstaðaskóla. Myndir: EGB

13.2 Námsefni Minjasafnsins

Árið 2016 hlaut safnið styrk úr Safnasjóði til að láta gera námsefni fyrir safnið. Markmið verkefnisins var að gera safnfræðsluna markvissari og ná betur til þeirra skóla sem eiga erfitt með að heimsækja safnið t.d. sökum fjarlægðar. Unnur María Sólmundsdóttir, sem á og rekur kennslugagnabankann Kennarinn.is, var fengin til að útbúa efnið sem saman stendur af tíu námsefnispökkum, einum fyrir hvern bekk grunnskólans. Mismunandi umfjöllunarefni eru fyrir hvern árgang en öll tengjast þau á einhvern hátt sýningum og safnkosti Minjasafnsins eða sögu Austurlands. Fyrsti pakinn leit dagsins ljós í nóvember en þar var um að ræða efni ætlað þriðja bekk sem tengist sýningunni Hreindýrin á Austurlandi. Efnið verður aðgengilegt á netinu í gegnum heimasíðu Minjasafnsins og Kennarans. Það er bæði hugsað sem stuðningur við heimsóknir á safnið en einnig er gert ráð fyrir því að þeir kennarar sem ekki eiga þess kost að koma með nemendur sína á safnið geti nýtt það við sína kennslu. Áætlanir gerðu ráð fyrir að verkefnið myndi klárast á árinu 2017 en það gekk ekki eftir. Stefnt er á að efnið verði tilbúið fyrir skólabyrjun 2018.



Forsíða námsefnispakka sem tengist sýningunni Hreindýrin á Austurlandi og er ætlaður 3. bekk.

14. Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf

Starfsfólk safnsins reyndi eftir megni að sækja flesta þá fundi og námskeið sem tengdust á einhvern hátt starfsemi safnsins og hlutverki þess. Þá tók safnið þátt í margvíslegu samstarfi.

14.1 Fundir og námskeið

Dagana 27.-29. september sóttu starfskonur Minjasafnsins hinn árlega Farskóla safnmanna sem að þessu sinni var haldinn á Siglufirði undir yfirskriftinni Söfn í stafrænni veröld. Innlendir og erlendir fyrirlesarar fluttu fjölbreytt erindi þar sem horft var til áskorana, ógnana og nýrra möguleika sem tækniþróun undanfarinna áratuga hefur haft í för með sér fyrir söfn og starfsemi þeirra.

Safnstjóri sótti örnámskeið í markaðssetningu sem Þjónustusamfélagið á Héraði stóð fyrir í apríl og ráðstefnuna Mannauðsstjórnun okkar á milli sem haldin var á vegum Alcoa Fjarðaáls í september. Þá sótti safnstjóri árlegan vörfund Þjóðminjasafnsins og tvo

sameiginlega fundi safnstjóra menningarminjasafna. Safnstjóri sat einnig fund um menningarhluta Sónaráætlunar Austurlands í mars og tvo fundi um menningarstefnu Fljótsdalshéraðs í apríl og desember. Safnstjóra var einnig boðið að koma með í ferð stjórnsýslu Fljótsdalshéraðs til Norðurþings sem farin var í október en þar heimsóttu starfsmenn stofnana sveitarfélagsins systurstofnanir sínar fyrir norðan. Safnstjóri heimsótti Menningarmiðstöð Þingeyinga ásamt forstöðukonum Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Bókasafns Héraðsbúa og kynnti sér starfsemi miðstöðvarinnar. Þá átti safnstjóri sæti í undirbúningshópi sem skipaður var af Fljótsdalshéraði til að kanna grundvöll fyrir stofnun félags um fræðasetur Jóns lærða á Hjaltastað sem m.a. stóð fyrir málþingi í Hjaltalundi undir yfirskriftinni Í fótspor Jóns lærða á Úthéraði.

14.2 Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að FÍSOS, félagi íslenskra safna og safnamanna. Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði, en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið gekk í Félag um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsvettvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku. Félagsmenn félagsins lögðu leið sína austur á land í vor og heimsóttu þá meðal annars Minjasafnið.

14.3 Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

14.4 Ljóð á vegg

Safnahúsið tók þátt í verkefninu Ljóð á vegg á árinu en þetta var í sjötta sinn sem hús og byggingar á Egilsstöðum og í Fellabæ voru skreytt með ljóðum. Í tilefni af 70 ára afmæli þéttbýlis á Egilsstöðum ákvað stjórn verkefnisins að velja ljóð og kvæði eftir einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa búið á Fljótsdalshéraði í lengri eða skemmri tíma. Í Safnahúsinu mátti lesa ljóðið Engin saga eftir Ágústu Ósk Jónsdóttir. Ljóðið fjallar um sveina sem álfameyjar hafa lokkað til sín og yngismeyjarnar sem biðu þeirra heima í byggð. Ljóðið sómir sér vel í anddyrinu á miðhæð hússins fyrir ofan listaverk Ingibjargar Helgu Ágústsdóttur sem eins og Ágústa, sótti innblástur í þjóðsögurnar, nánar tiltekið í söguna um Lagarfljótsorminn.,



Ljóð á vegg í anddyri á miðhæð Safnahússins. Mynd: EGB.

14.5 Hauksbókarsjóður

Hauksbókarsjóður, minningarsjóður um Hauk Stefánsson listmálara frá Rjúpnafelli í Vopnafirði, veitti fjórum nemendum sem útskrifuðust af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum, hvatningarverðlaun sjóðsins. Sjóðurinn er í umsjá Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa og er hlutverk hans að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Nemendurnir fengu eintök af bókinni Haukur Stefánsson sem gefin var út í tengslum við sýningu á verkum hans í Listasafninu á Akureyri. Gjöfin er hugsuð sem hvatning til nemendanna til að halda áfram göngu eftir stígum listarinnar.

14.6 Lausir endar

Minjasafnið kom að norsk/íslenska verkefninu Lausir endar sem var afrakstur vinnu listakonunnar Ingrid Larsen og fornleifafræðingsins Birgit Lund. Ingrid er Minjasafninu að góðu kunn en hún vann verkefnið Festum þráðinn í samstarfi við safnið og setti upp samnefnda sýningu í safninu árið 2016. Á meðan dvöl hennar á Austurlandi stóð kynntist hún sögunni um Álfkonudúkinn frá Burstarfelli og heillaðist af henni. Söguna kynnti hún fyrir Birgit Lund fornleifafræðingi sem hóf rannsókn á uppruna dúksins. Afrakstur verkefnisins var annars vegar sýning með útsaumuðum verkum Ingridar sem innblásin voru af Álfkonusteininum og sögunni og hins vegar bók með niðurstöðum rannsóknar Birgitar.

Sýning Ingridar var opnuð í Safnaðarheimilinu á Vopnafirði 19. ágúst að viðstöddu fjölmenni. Á opnuninni flutti Birgit fyrirlestur um rannsóknir sínar en hún komst m.a. að því að Álfkonudúkurinn á systurdúk í Noregi. Í tilefni opunarinnar lánaði Þjóðminjasafnið sjálfan Álfkonudúkinn austur og var hann til sýnis á sýningunni í nokkra daga. Verkefnið var afrakstur áralangs menningarsamstarfs Austurlands og Vesterålen en auk þess komu Vopnafjarðarhreppur, Minjasafnið á Bustarfell, Þjóðminjasafn Íslands og Austurbrú að verkefninu, auk Minjasafns Austurlands. Aðkoma Minjasafnsins fólst einkum í ráðgjöf við útgáfu bókar Birgitar. Þá tók safnstjóri þátt í fyrirlestri Birgitar með því að túlka hann yfir á íslensku.

16. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir

Hönnunarfyrirtækið PES ehf á Egilsstöðum hannaði árið 2016 einblöðung með upplýsingum um grunnsýningar og opnunartíma safnsins. Einblöðungnum var dreift á upplýsingamiðstöðvar, hótél og veitingastaði í fjórðungnum og víðar á árinu. Þá auglýsti safnið í Kompási, Safnabókinni, í ensku útgáfu Vegahandbókarinnar auk þess sem greinar um safnið bitust í tímaritinu Icelandic Times. Þá tók safnið þátt í sameiginlegu auglýsingaátaki safna í útvarpsauglýsingum RÚV. Allir viðburðir á vegum safnsins voru kynntir á heimasíðu og Facebooksíðu safnsins. Fréttatilkynningar voru sendar til fjölmiðla og stærri viðburðir voru auglýstir í staðbundnum miðlum. Nokkuð var um að fjölmiðlar fjölluðu um sýningar og viðburði á vegum Minjasafnsins, m.a. birtist innslag um sýninguna Hreindýrin á Austurlandi í þættinum Að austan á sjónvarpsstöðinni N4.

17. Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi Minjasafns Austurlands á árinu 2017. Framundan eru margvísleg verkefni og útlit fyrir að árið 2018 verði ekki síður viðburðaríkt. Vinna við nýja starfsstefnu safnsins er hafin, stefnt er að því að grisjunaráætlun safnsins verði tilbúin á árinu og uppbygging safnfræðslunnar mun halda áfram svo fátt eitt sé nefnt. Þá verður viðburðahald áfram blómlegt. Safnið mun taka þátt í sameiginlegu verkefni menningar- og skólastofnana á Austurlandi í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Sumarsýning safnsins verður einnig viðamikil samstarfsverkefni sem snúast mun um myndlist á Fljótsdalshéraði. Síðast en ekki síst munu starfskonur safnsins áfram vinna ötullega að skráningu gripa, endurskipulagningu varðveislurýma og að tryggja safnkostinum sem best varðveisluskilyrði.

